

Hinrika ehf.
B.t. Rannveigar Jónsdóttur
Laugavegi 176
105 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2018
UST201711-041/I.M.B.
09.06.01

Efni: Breyting á kvikmyndaleyfi við Kleifarvatn og Vigdísarvelli innan Reykjanesfólkvangs

Þann 14. nóvember 2017 veitti Umhverfisstofnun Rannveigu Jónsdóttur, fyrir hönd Hinriku ehf, leyfi til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs dagana 17. og 22. nóvember 2017. Umsækjandi tilkynnti Umhverfisstofnun 16. nóvember að vegna veðurs yrði að fresta tökunum. Með tölvupósti þann 4. desember 2017 óskaði umsækjandi eftir því að þremur dauðum gæsum og mistvél væri bætt við leyfið. Þann 12. apríl 2018 óskaði umsækjandi eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að fara í þær kvikmyndatökur sem leyfi þetta nær til dagana 20. og 30. apríl og 15. maí 2018.

Fólkvangurinn á Reykjanesi er friðlýstur sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatökum, innan Reykjanesfólkvangs, dagana 20. og 30. apríl og 1. maí 2018 í gjá við veginn að Vigdísarvöllum, á Klettahöfða, við gjá við Syðristapa, helli og á strönd fyrir neðan hann bæði norðan og sunnan megin við stapann skv. merkingum á loftmynd sem fylgir umsókninni.

Á Syðristapa og við veginn að Vigdísarvöllum þarf að fara út fyrir göngustíga. Mögulegur troðningur getur átt sér stað vegna verkefnisins á Syðristapa en gert er ráð fyrir að laga með sópum og hrífum eftir tókurnar.

Björgunarsveitarbíl verður ekið niður í fjöruna sunnan megin á Syðristapa eftir slóða til að mynda hann. Bíllinn á einungis að fara eftir slóðanum en ekki þarf að aka um fjöruna. Í tökunum í gjánni við veginn að Vigdísarvöllum er gert ráð fyrir 6-8 kindum, 3 hundum og einum hesti. Mun hesturinn fara um gjánna en verður svo inni í hellinum og þarf að ganga þangað. Kindurnar verða lausar í gjánni í fylgd dýrabjálfa sem heldur þeim í skefjum með hundunum þremur. Notuð verður mistvél til að framleiða þoku. Þarf mistvélin að nota olíu til að framleiða þokuna. Olían kemur frá fyrirtækinu Look Solutions.

Í kvikmyndatökunum við Syðristapa verður hundur og hestur. Hestur verður á klettahamri hjá útsýnskletti hjá bílastæðinu undan Syðristapa. Á ströndinni fyrir neðan Syðristapa verður dreift um 50 dauðum fiskum og þremur dauðum gæsum.

Gert er ráð fyrir að u.þ.b. 50-60 manns vinni við tókurnar, þ.e. starfsfólk, leikarar og aukaleikarar. Búnaður sem notaður verður eru myndavélar og búnaður þeim tengdur, s.s. þrífætur, mónitorar, dollý og teinar (til að keyra myndavél á), ljós, standar, rafstöðvar, talstöðvar og hljóðupptökubúnaður. Bílarnir sem notaðir verða eru: Búningatrúkkur, 18 m langur aðstöðubíll, sendibíll með rafstöð, 2 stórir tækjatrúkkar, 6 minni sendibílar, 10-12 fólksbílar og 2 tókubílar (jeppi og björgunarsveitarbíl).

Takmarka þarf umferð fólks um svæðið rétt á meðan tókur fara fram. Verður umferð stjórnað með skiltum og keilum.

Ekki er gert ráð fyrir öðrum leikmunum og leikmynd né uppsetningu tjaldbúða. Engin efnanotkun verður sem valdið getur skaða fyrir umhverfið.

Ahrifamat:

Samkvæmt mati efnafræðings hjá Umhverfisstofnun er efnainnihald olíunnar fyrir mistvélina ekki talið vera skaðlegt fyrir fólk, dýr eða umhverfið. Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að kvikmyndatökurnar séu ekki líklegar til að rýra verndargildi svæðisins sé þeim skilyrðum sem eru hér fyrir neðan fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum samkvæmt ofangreindum lýsingum dagana 20. og 30. apríl og 15. maí 2018 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur utan vega er óheimill en heimilt er að aka björgunarsveitarbíl eftir slóða í fjöruna við Syðristapa. Bifreiðum skal lagt í bílastæði sem fyrir eru á svæðinu eða ef nauðsynlegt er í vegköntum þar sem ekki skapast hættu fyrir aðra umferð. Óheimilt er að leggja bílum utan vegar.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl og úrgangur dýra verði fjarlæggt.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Þess skal gætt að öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki og að vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Umhverfisstofnun skal sendar myndir af frágangi svæðisins að verkefni loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágangi svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir kvikmyndatökunum. Sækja þarf um leyfi til Grindavíkurbæjar.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að rétt sé að hafa samband við Vegagerð og lögreglu vegna tímabundinna lokana vega vegna kvikmyndatakana og við Matvælastofnun vegna aðkomu dýranna að kvikmyndatökunum.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmd á friðlýstum svæðum er 52.600 kr., sbr. gr. 24b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur